


Bankaránið





Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Bankaránið

ISBN 978-9979-0-2566-5

© 2015 Svava Þ. Hjaltalín
© 2015 Lára Garðarsdóttir
Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir
Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson
og Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2015
önnur prentun 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Svava Þ. Hjaltalín

Bankaránið



MENNTAMÁLASTOFNUN

Kafli 1

Í morgun vaknaði ég
við hávaða og læti.


Ég hentist fram úr
rúminu og kíkti
út um gluggann.

Ég sá lögreglubíl
með blikkandi ljós
og sírenur
aka fram hjá
húsinu mínu.

Hann virtist vera
á leiðinni
niður í bæ.

Hvað ætli hafi gerst?





Hvað heldur þú að hafi gerst?

Ég fór fram
og þar sat mamma
við eldhús-borðið.
Hún var að drekka kaffi
og lesa dagblað.

Mamma vaknar
oftast fyrst
um helgar
og svo vakna ég.

Ég settist hjá henni
og við fórum að ræða
um hvað skyldi hafa gerst.

Mamma kveikti á útvarpinu.
Ekki leið á löngu
þar til fréttirnar byrjuðu.




Þulurinn sagði frá því
að það hefði verið framið
bankarín á Akureyri.

En þar á ég heima.



Þulurinn sagði
að miklum peningum
hefði verið stolið
og að þjófurinn hefði verið
á bak og burt
þegar lögreglan
kom á staðinn.

Fólk var beðið um
að hafa augun opin
og láta lögregluna vita
ef það hefði grun um
hver hefði verið að verki.



Ég sagði strax við mömmu
að ég ætlaði að gera allt
sem ég gæti
til að hjálpa löggunni
að finna bófann.

En hvað gat ég gert?



Hvað heldur þú að strákurinn geri?
Hvað myndir þú gera?

Kaflí 2

Við mamma ákváðum
að skreppa í bíltúr
og keyra allar götur
sem eru nálægt
miðbænum.

Það voru ekki margir
á ferli þennan
laugardags-morgun.



Við sáum gömul hjón
sem voru á gangi.
Ekki voru það þau
sem rændu bankann.

Við sáum unglíng
með hund í bandi.
Ekki gat það verið hann
sem rændi bankann.




Af hverju ætli þau
hafi farið í biltúr?

Svo sáum við mann
sem var með
svarta derhúfu
og í svörtum
leðurjakka.

Mér fannst hann
strax grunsamlegur
og ég sagði við mömmu
að kannski væri þetta
banka-ræninginn.

Mamma sagði að það væri
nú ólíklegt. Sennilega
væri hann farinn í burtu.





Kaflí 3

Pennan dag ætluðum við mamma og pabbi að fara í sund á Þelamörk.


Það gerum við oft um helgar þegar veðrið er gott.



Í sund-lauginni
hitti ég Gunnar
besta vin minn
og sagði honum
strax frá banka-ráninu.

Gunnar varð
mjög spenntur
og vildi vita allt
sem ég vissi.

Við hættum samt
fljótlega að hugsa
um ránið og fórum
að kafa eftir steini
sem við hentum
til skiptis út í laugina
þar sem hann sökk
til botns.




Síðan fórum við Gunnar
í renni-brautina.
Við fórum örugglega
fimmtíu ferðir.

Það var svakalega gaman.

Að lokum fór ég inn í klefa
til að fá mér
vatn að drekka
enda orðinn þyrstur
af öllum þessum ærslum.

Gunnar kom með mér.





Þegar ég var að skrúfa
frá krananum
heyrði ég
að einhverjir voru
að tala saman
í fataklefanum.


Það var eins og
karlmenn væru að rífast.
Gunnar horfði á mig
og ég horfði á hann.



Mennirnir voru að tala um peninga og hvað þeir ættu að gera við þá.

Annar þeirra sagði að þeir skyldu hafa þá í skottinu á bílnum en hinn sagði að það væri ekki nógu góður staður.

Við stóðum stjarfir og þorðum varla að hreyfa okkur.



Þetta voru örugglega
banka-ræningjarnir.

Þeir voru að tala um peningana
sem þeir stálu
í bankanum.

– Við verðum að grafa
peningana í töskunni
og geyma þá
þangað til við förum
til útlanda,
sagði annar maðurinn.

– Já, við gröfum þá
á bak við sundlaugina
þar sem gufubaðið er.
Þar finnur þá enginn,
sagði hinn.

Hingað kemur fólk bara
til að fara í sund.



Kaflí 4

Nú voru góð ráð dýr.
Hvað áttum við Gunnar
að gera?


Við máttum ekki
láta ræningjana vita
að við hefðum heyrt
það sem þeir sögðu.

Ég veit ekki hvað þeir
hefðu þá gert.

Við læddumst
út úr klefanum aftur.

Við vorum stjarfir
af hræðslu
þegar við komum út.

Við vorum
örugglega
hvítir í framan.



Af hverju ætli strákar
hafi verið föllir í framan?

– Hvað eigum við að gera?
spurði Gunnar.


Ég sagði honum
að við yrðum að tala
við mömmu og pabba
og biðja þau
að keyra okkur
á lögreglu-stöðina
á Akureyri strax.

Við þyrftum að
segja lögreglunni
allt sem við heyrðum.

Mamma mín og pabbi
og mamma Gunnars
voru í heita pottinum.

Við fórum til þeirra
og báðum þau að koma strax
og tala við okkur.

Þegar við sögðum þeim
hvað við hefðum heyrt
sáum við tvo menn
koma ofan í sundlauginna.



Mennirnir voru dálítið
skuggalegir
og þeir voru líka
frekar grimmilegir
á svipinn.

Annar þeirra
leit á mig og starði.

Ég var fljótur
að líta undan.




Sem betur fer trúðu
mamma og pabbi okkur strax.

Þau sögðu að
við skyldum
drífa okkur upp úr.
Við þyrftum
að hafa hraðann á.

Við vorum búnir
að fara í sturtu
og að klæða okkur
eftir nákvæmlega
sjö mínútur.





Kafli 5


Pegar við vorum öll
komin út sáum við
að mennirnir
voru enn í sundi.

Þeir voru að fara
inn í gufubaðið.
Kannski til að tala
betur saman
um peningana
sem þeir rændu.

Það var greinilegt
að ræningjarnir ætluðu
með peningana
til útlanda.

En þeir vissu ekki
að við hefðum
heyrt til þeirra.


Þeir vissu ekki
að nú værum við
að bruna í bæinn
til að segja
lögreglunni frá.



Þegar við komum
til Akureyrar
fórum við öll
á lögreglu-stöðina.

Pabbi spurði
lögreglukonu
hvort það væri búið
að handtaka
banka-ræningjana.

Hún sagði að enginn
hefði verið handtekinn.
Og engar vísbendingar
væru komnar.



Lögglukonan greip
andann á lofti þegar
við sögðum henni
frá mönnunum í sundi
og hvað þeir hefðu verið
að tala um.

Hún sagði að þetta
væri frábær vísbending
og skrifaði niður
nöfnin okkar.




Síðan þurftum
við Gunnar
að endursegja
allt sem við vissum
og nú var frásögnin
tekin upp.

Lögreglukonan sagðist
ætla að senda lögreglu-
þjóna strax á staðinn
til að fylgjast með
þessum mönnum.

Hún lofaði svo að hringja
og leyfa okkur
að fylgjast með
framhaldinu.



Við fórum stoltir út
af lögreglu-stöðinni
og út í bíl.





Kafli 6

Mamma bauð
okkur í ísbúðina.

Hún sagði að
við ættum skilið
að fá stóran ís
eftir þessa
miklu lífsreynslu.



Um kvöldið hringdi síminn.
Mamma svaraði.

Þegar hún hafði talað
í svolitla stund
kvaddi hún
með því að segja:
– Já, ég kem með þá á morgun.



Þetta var lögreglan.
Hún var að segja mömmu
að það væri búið
að handtaka
banka-ræningjana
og finna peningana.

Þegar lögreglan
kom á Þelamörk
var annar maðurinn
að grafa holu
bak við sundlaugina
og hinn hélt á töskunni
fullri af peningum.





Lögreglu-þjónninn
sagði við mömmu
að okkar biðu
verðlaun niðri
á lögreglustöð
og vildi að við
kæmum næsta dag
til að sækja þau.

Gunnar átti að fá að sofa
heima hjá mér þessa nótt.
Við gátum varla sofnað,
við vorum svo spenntir.

Það var sko ekki mamma
sem vaknaði fyrst
næsta morgun.

Það vorum við Gunni.



Þegar við komum
á lögreglustöðina
voru teknar myndir
af okkur og fréttakona
tók viðtal við okkur.

Hún sagði að við kæmum
í sjónvarpinu um kvöldið.



Banka-stjórinn var líka mættur
og við Gunnar fengum
hvor sína ávísunina
að gjöf.

Þetta voru miklir peningar.

Hann sagði að við hefðum
staðið okkur mjög vel.
Og að við hefðum gert allt rétt.







Við vorum stoltir vinir
þennan dag.

Við ákváðum það
eiginlega þarna
að þegar við yrðum
stórir ætluðum við
báðir að verða
leyni-lögreglu-menn!





Úrvinnsla!

1. Um hvað er sagan?
Segðu einhverjum frá. 
2. Veldu mynd úr bókinni og lýstu.
Þú getur líka búið til
samtal og notað talblöðrur. 
3. Hvað gerir sögu spennandi?
Settu hugmyndir þínar niður á blað. 
4. Skrifaðu þína eigin sögu
um ræningja og myndskreyttu. 



Bankaránið

Bankarán er framið á Akureyri.

Strákur sem býr í bænum
er ákveðinn í því að hjálpa
lögrelunni að finna bófana.

En hvernig fer hann að því?

Þegar hann og vinur hans
heyrja samtal tveggja manna
í sundi fer spennan að magnast.

Höfundur er Svava Þ. Hjaltalín.
Myndir teiknaði Lára Garðarsdóttir.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40307